


Alcoa Fjarðaál
Hr. Guðmundur Sveinsson Kröyer
Hraun 1
730 Reyðarfjörður



Reykjavík, 8. maí 2013
Tilvísun: UST20130200177/sk

Flúormengun í Reyðarfirði árið 2012

Umhverfisstofnun hefur nú lokið athugun sinni á flúormengun í Reyðarfirði sumarið 2012 í kjölfar á tilkynningu Alcoa Fjarðaáls þar um frá 2. október 2012. Stofnunin hefur við yfirferð sína lagt til grundvallar gögn frá Alcoa Fjarðaáli og umsagnir og álit frá Matvælastofnun dags. 31. janúar 2013.

Í kjölfar eftirlits þann 11. október 2012 voru tilgreind þrjú frávik frá starfsleyfi álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, sbr. bréf Umhverfisstofnunar til fyrirtækisins dags. 21. janúar 2013:

- Innra eftirlit með rekstrarþáttum skv. gr. 3.2 brást
- Fyrirtækið gat ekki sýnt fram á að losun flúors hefði verið undir mörkum skv. gr. 2.5
- Vöktunarbúnaður í reykhreinsivirki hafi hvorki verið prófaður eða kvarðaður í samræmi við ákvæði í gr. 3.4

Alcoa Fjarðaál sendi Umhverfisstofnun greinargerð um atvikið ásamt lýsingum og áætlun um úrbætur vegna frávikanna með bréfum dags 14. nóvember 2012 og 18. janúar 2013, sbr. og lýsingu á framkvæmd og stöðu úrbóta sem barst með tölvupósti þann 21. mars sl.

Með vísan til málsatvika og athugana Umhverfisstofnunar er það niðurstaða stofnunarinnar að meginorsök mengunarinnar sé að of mikill flúor streymdi frá álveri Alcoa Fjarðaáls á tímabilinu miður maí til miðs ágústs og að ástæða þess séu ágallar í innra eftirliti fyrirtækisins, bæði varðandi viðhald mæla og eftirlit með þeim og varðandi umsjón, yfirferð og viðbrögð við vísbendingum sem höfðu komið fram yfir sumarið um aukna losun. Aukning á flúorlosun leiddi til aukningar á loftbornum flúor utan þynningarsvæðisins í þessa þrjá mánuði, sem aftur hefur leitt af sér aukningu á upphleðslu flúors í gróðri og grasbitum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir aðgerðaáætlun Alcoa Fjarðaáls til úrbóta vegna atviksins sl sumar, og vegna frávikanna sem tilgreind voru í eftirliti þann 11. október sl.

Aðgerðir í hreinsivirki

Aðgerðir Alcoa Fjarðaáls felast í margháttaðri endurskipulagningu og úrbótum á umsjón og eftirliti með þurrhreinsivirki. Búið er að fara yfir alla nema í þurrhreinsivirki og skipta þeim út sem ekki voru í fullkomnu lagi, endurbæta nema og hugbúnað vöktunarkerfisins, og endurbæta daglegt og langtíma eftirlit með búnaðinum og mælingum. Þá hefur verið settur upp viðbótar mælíbúnaður aftan við bæði þurrhreinsivirki þannig að komið er upp tvöfalt eftirlits- og mælikerfi og sett hefur verið upp aðstaða til sýnatöku og ítarlegri mælinga sem hluti af innra eftirliti.

Umhverfisstofnun telur að aðgerðir Alcoa Fjarðaáls varðandi úrbætur í þurrhreinsivirki vera fullnægjandi, sbr. lýsingu í greinargerðinni. Stofnunin telur þó rétt að áréttu að haldin verði nákvæm skrá yfir síuskipti og þannig greint annars vegar hvort ákveðnir hlutar hreinsivirkisins þurfi sérstakrar athygli við vegna tíðra síuskipta og hins vegar til að halda betur utan um síuskipti.

Aðgerðir í kerskála

Alcoa Fjarðaál rekur óstöðugleika í rekstri kerskála - og þ.a.l. aukningu á losun mengunarefna - til ágalla í hráefni þar sem súrál reyndist vera mjög finefnaríkt. Í greinargerð fyrirtækisins kemur fram að ákveðið hafi verið að setja í gang ítarlega rannsóknarvinnu til þess að ganga úr skugga um hvort hægt sé að bæta viðhald og virkni afsogskerfis í kerskála svo að minna af mengunarefnum sleppi framhjá hreinsivirki og hefur verið gripið til aðgerða til úrbóta varðandi viðhald og virkni afsogskerfisins.

Umhverfisstofnun telur að tilgreindar aðgerðir í kerskála séu fullnægjandi en stofnunin mun huga betur að þessu efni í eftirliti og samskiptum við rekstraraðila.

Umhverfisstofnun telur hins vegar að huga þurfi betur að aðgerðum varðandi öflun og mötun hráefnis. Einungis er eitt hráefnissiló í tengslum við verksmiðjuna og rekstraraðili á því erfitt með að bregðast við breytileika í hráefni. Stofnunin er ekki í aðstöðu til að kveða á um aðrar leiðir eða breytingu á þeirri tilhögun en mælist til að skoðað sé hvernig fyrirtækið geti brugðist við slíkum aðstæðum.

Vöktun

Í greinargerð Alcoa Fjarðaáls er rakið að stjórnkerfi umhverfisvöktunar hafi verið yfirfarið og verði endurbætt og að lögð verði áhersla á leiðandi mælikvarða sem muni hafa það hlutverk að gera rekstraraðila kleift að grípa inn í með viðeigandi aðgerðum. Þá verði bætt úr samskiptum aðila innan fyrirtækisins og bætt viðbragðsáætlun.

Umhverfisstofnun hefur sérstaklega tekið til skoðunar niðurstöður á styrk flúors í beinösku sauðfjár af bænum Sléttu. Greiningar sýndu áberandi hækkun frá því mælt var síðast í Reyðarfirði árið 2006, áður en starfsemi álversins hófst en þá mældist styrkur flúors í kjálkum fullorðins fjár á bilinu 300-780 µg/g beinösku. Í kjálkum lamba greinist nú 810-1570 µg/g beinösku og í fullorðnu fé mælist yfir 3000 µg/g í 6 og 7 vetra ám. Þessar niðurstöður vekja sérstaklega athygli þegar haft er í huga að sauðfjárveikivarnargirðing liggur um dalbotn Reyðarfjarðar og samkvæmt því ætti féð ekki að hafa aðgang að grasi yfir viðmiðunarmörkum, sbr. greiningar á sýnatökustöðum G9, G10, G16 og G17.

Vegna hins háa styrks á flúor í beinum sauðfjár hefur Matvælastofnun lagt áherslu á að fylgst verði áfram náið með heilsufari dýra og greiningum á flúor í sláturfé enda geti áhrif mengunarinnar sl. sumar komið fram 2-3 árum eftir að dýrin urðu fyrir menguninni, ekki síst ef styrkur flúors í grasi fer aftur yfir tilgreind mörk.

Umhverfisstofnun tekur undir áhyggjur Matvælastofnunar og telur að bæta þurfi dreifingu og umfang sýnatöku á gróðri, fylgjast þurfi með heilsufari búfjár og greina styrk flúors í beinum lamba og sauðfjár í því skyni að fylgjast með ástandi umhverfis og eftirfylgni vegna atvixsins sl. sumar.

Þann 8. maí sl. barst frá Alco Fjarðaáli tillaga Náttúrustofu Austurlands að viðbótarsýnum á grasi vegna flúorgreininga sem taka á í botni Reyðarfjarðar á milli punkta G8 og G18 sem og upplýsingar um flýtimeðferð á greiningum á ákveðnum sýnum. Umhverfisstofnun samþykkir fyrir sitt leyti tillögu Náttúrustofunnar.

Umhverfisstofnun fer einnig fram á að Alcoa Fjarðaál skili til Umhverfisstofnunar tillögu að endurskoðaðri umhverfisvöktunaráætlun eigi síðar en 15. júní 2013 og að þar verði a.m.k. kveðið á um:

- Nýja sýnatökustaði eftir láglandi Reyðarfjarðar á milli punkta G8 og G18 og í hlíðum Reyðarfjarðar beggja vegna fjarðar, og endurskoðun á núverandi sýnatökustöðum. Notast má við tillögu Náttúrustofu Austurlands.
- Áætlun um vöktun flúors í sláturfé af bænum Sléttu.
- Áætlun um eftirlit dýralæknis með sauðfé og hrossum, sérstaklega með hliðsjón af hugsanlegum tannskemmdum.
- Tillögur um tíðni og tilhögun mælinga á flúor í grasi í Reyðarfirði í samræmi við ábendingar Matvælastofnunar.

Aðrar aðgerðir

Alcoa Fjarðaál hefur sent Umhverfisstofnun tillögu að nýrri mæliáætlun í samræmi við ákvæði 3.1 í starfsleyfi fyrirtækisins, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 23. október sl. Stofnunin mun í sérstöku bréfi fjalla um það erindi enda er þar um að ræða samræmda aðgerð fyrir alla stóriðju á landinu.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur þær úrbætur sem tilgreindar eru í greinargerð fyrirtækisins, og framkvæmd þeirra, sbr. upplýsingar í tölupósti þann 21. mars sl., fullnægjandi og að með því hafi verið bætt úr frávikum í eftirlitsskýrslu. Stofnunin áréttar að grunnurinn að góðum árangri er nákvæmni í verklagi, virkt viðhald og skráning, ásamt reglulegri yfirferð yfir stöðu mála þannig að greina megi þróun og langtímabreytingar á ástandi búnaðar og í losun frá starfseminni.

Umhverfisstofnun óskar eftir að Alcoa Fjarðaál skili til Umhverfisstofnunar tillögu að endurskoðaðri umhverfisvöktunaráætlun eigi síðar en 15. júní 2013 og þar verði a.m.k. kveðið á um:

- Nýja sýnatökustaði eftir láglandi Reyðarfjarðar á milli punkta G8 og G18 og í hlíðum Reyðarfjarðar beggja vegna fjarðar, og endurskoðun á núverandi sýnatökustöðum.
- Áætlun um vöktun flúors í sláturfé af bænum Sléttu.
- Áætlun um eftirlit dýralæknis með sauðfé og hrossum, sérstaklega með hliðsjón af hugsanlegum tannskemmdum.
- Tillögur um tíðni og tilhögun mælinga á flúor í grasi í Reyðarfirði í samræmi við ábendingar Matvælastofnunar.

Stofnunin mun fylgja þessu máli sérstaklega eftir í eftirliti og í tengslum við endurskoðaða mæliáætlun, sbr. drög sem Alcoa Fjarðaál sendi Umhverfisstofnun þann 17. janúar sl.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri